

Fundargerð

13. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 10. ágúst 2021, í sal D ÍSÍ.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, ~~Kári Steinn Karlsson~~, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá 12. fundi stjórnar 2020-2022 hafði ekki borist. Rafrænn formannafundur 28.7.21 um mótahald og framtíðina.

2. Að leikum loknum

Afreksstjóri gerði grein fyrir samantekt vegna sumarsins og umræðu í kjölfar Ólympíuleikanna í Tókýó. Umræður stjórnarmanna. Farið yfir sviðið, sveitir, brautir. Aðastöðumálin rædd til þaula. Ákveðið að bregðast við bágbornu ástandi með tilkynningum til sveitarfélaga einu sinni en, en síðast var þeim öllum sent bréf í desember á síðasta ári. Ótrúlega dapurt ástand víða. Ákveðið að þakka RÚV sérstaklega fyrir góða umfjöllun frá Japan. Ákveðið að senda frá sér áskorun.

3. Keppnishald - Bikarkeppnin

Í framhaldi af rafrænum formannafundi var blásið í lúðra og ákveðið þrátt fyrir þröngar aðstæður að halda bikarmótin bæði. Þátttaka mætti þó vera betri en margir að halda að sér höndum, félög og iðkendur. Félagsstarf erfitt. Erfitt að manna starfsmannahald. Allt þetta er þó mismunandi eftir félögum og svæðum. Stjórnin sammála að verið sé að vinna kraftaverk á hverjum degi s.s. í tengslum við sóttvarnarmál og keppnishald. Verkefnastjóri FRÍ orðin þekktur út um land allt fyrir góða þekkingu á þessum málum og eftirsóttur til leiðbeininga á ýmsum félagsviðburðum. Keppnishald erlendis í ágúst er nokkuð og mönnun eftir því. Þá er Mí öldunga á Sauðarkrók.

4. Útbreiðslumál - Átakssverkefni

Að þessu sinni snýst umræðan um að keyra í gang starfið með aðildafélögum. Umræða um að Covid aðstæður séu að raska verulega þátttöku að aðgengi að æfingastöðum. Langur tími röskunar og truflana hefur mikil áhrif á alla umgjörð. Rætt um að skoða fjárhagsramma m.t.t. að ráða verkefnastjóra í að hjálpa til hjá félögum við útbreiðslumál. Stjórnin ánægð með þá góðu ákvörðun FH að ráða fastan starfsmann, en allt slíkt hjálpar til heim í héraði, en vissulega er erfitt um þessar mundir að afla styrkja og fjármagns. Ákveðið að senda út upplýsingabeiðni til félaganna til að kanna stöðuna.

8. Önnur mál

- Ályktun Sweden til EA. FRÍ fagnar ályktuninni sem er um keppnishald.
- Styrktarmál. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá í samræmi við fyrri afgreiðslur.
- Leadership. Formaður gerði grein fyrir að tilnefningar væru mögulegar.
- Heimasíða FRÍ. Fylgt eftir kynningu frá því í júní.
- Mótaskrá 2021-2022, inni og úti. Rætt um að tillagna væri þörf frá mótanefnd.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:13 með því að fundarmenn hoppuðu yfir salinn.
Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*